

„Ég hugsa að ég sé orðinn ansi góður að búa til mat“

„Ég er fæddur 7. maí 1917 að Draflastöðum í Fnjóskárdal. Við systkinin vorum 11. Níu komust upp. Ég var yngstur þeirra. Móðir mín dó þegar ég var tveggja ára. Systir mín, Ingibjörg, tók þá við búsförum með föður okkar. Hún er fædd árið 1905 og var þess vegna ekki nema 15 ára gömul þegar hún gerðist bústýra. Þar sem ég ólst up undir handleiðslu hennar varð hún hvort tveggja í senn systir mín og fóstara.

Þegar Ingibjörg var um 24 ára gömul fór hún til matreiðslunáms í Svíþjóð og Danmörku. Það má til gamans geta þess að matreiðsla virðist ætíð hafa verið hluti minni. Jónína Sigurðardóttir, sem var matreiðslukona og hótelsstjóri á Akureyri, var föðusystir mín. Helga, dóttir Sigurðar búnaðarmálastjóra, og ég erum bræðrabörn, en hún var eins og alkunnugt er, húsmæðrakennari og höfundur matreiðslubóka.

Ég átti að ganga menntavegin og hóf þess vegna nám í Menntaskólanum á Akureyri. En þegar ég var í öðrum bekk veiktist ég af berklum og varð að fara á Kristneshæli. Þegar ég kom þaðan var ég orðinn 22 ára gamall. Þá varð það að ráði að ég færi til Reykjavíkur. Þar fékk ég vinnu í verksmiðjunni Magni að Þingholtsstræti 23. Bróðir minn, Jóhann, var eigandi verksmiðjunnar. Þar vann ég í um 3 ár.

Það varð að samkomulagi að við Ingibjörg tækjum í félagi á leigu veitingareksturinn í Skíðaskálanum í Hveradölum, sem var þá eign Skíðafélags Reykjavíkur. Þó að það ætti svo að heita að hér væri um að ræða félagsbú okkar Ingibjargar þá var það vitanlega hún, sem bjó yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg var til veitingareksturs. Þess vegna varð hún drifffjöðrin í framkvæmdum okkar. Við sömdum við Skíðafélag Reykjavíkur um leigu á húsnæðinu, innanstokksmunum og eldavélum. Sjálf urðum við að leggja okkur til sængurfatnað, borðbúnað og tæki í eldhúsi. Það gekk allvel að kljúfa það fjárhagslega en við áttum í ýmsum erfiðleikum vegna skömmunnar sem var á öllum þeim nauðsynjum, sem við þurftum að kaupa til starfseminnar.

Við leigðum skálann með samningi 1. mars 1941. Aðstaða til veitingareksturs var þá að mörgu leyti miklu örðugri en nú. Ekkert rafmagn var í skálanum. Þess vegna urðum við að kynda með kolum og

nota olíulampa til ljósa. Síðar var hitað upp með hrólúlu. Ljósavél fengum við síðar og notuðum hana þangað til rafmagn kom frá Soginu fyrir nokkrum árum. Mestu örðugleikarnir urðu vegna þess hve vegurinn var illfær að vetrarlagi. Það leiddi oft til þess að stórir hópar ferðafólks flýðu til okkar úr ófærðinni. Í Skíðaskálanum var eini síminn á leiðinni frá Hveragerði til byggðarinnar austan Reykjavíkur. Þess vegna urðum við oft að svara fyrirspurnum um ástand vegar og ferðir fólks. Gerðist þetta stundum jafnt á nóttu sem degi. Fólkið, sem til okkar kom frá bifreiðum sem sátu fastar, var oft illa á sig komið, stundum aðallega vegna þess hver óskynsamlega það var búið til vetrarferða. Á ferðabúnaði fólks hefur orðið gerbreyting til hins betra að undanförnu.

Við lögðum okkur alltaf fram um að veita hröktu fólki alla þá aðhlyningu sem okkur var unnt að láta í té. En vegna þrengsla var það oft örðugt. Ég minnst þess t.d. að einu sinni skall á iðulus stórhrið fyrirvaralítið. Margt fólk var þó í grennd við skíðaskálann bæði skíða- og ferðafólk. Í það skiptið reyndust þeir um 500 sem leituðu skjóls í Skíðaskálanum og fengu að borða hjá okkur. Þó að þetta væri mesti fjöldi þeirra, sem til okkar kom samtímis, þá voru þeir oft ótrúlega margir sem urðu að leita aðhlyningar hjá okkur. Ekki man ég eftir að neinn að þeim, sem leituðu til okkar, fengju bana eða varanleg örkuml. En oft hefði áreiðanlega illa farið ef húsaskjól hefði ekki verið fánlegt í Skíðaskálanum. Oft fór ég úr sokkum eða hlýrri flík þegar hraktan gest bar að garði. Og þó að ég sé sjálfur bindindismaður á áfengi reyndi ég alltaf að eiga brennivínssopa í heitt kaffi til að ylja þeim sem alverst voru á sig komnir.

Gistirými var í herbergjum niðri. Þar voru kojur og rúm fyrir 72. Í þeirri tölu er innifalið það pláss sem við þurftum að nota fyrir starfsfólk. Þegar mest var að gera unnu um 11 stúlkur hjá okkur. Í aðalveitingasal voru sæti fyrir 70 gesti. Í sal að sunnanverðu á veröndinni var rými fyrir 25 gesti og 30 gátu setið til borðs í innri veitingasal. Eldhús var sæmilega rúmgott. Við þvoðum fyrst allan sængurfatnað, en síðar sendum við hann í þvottahús, sem við keyptum í Hafnarfirði. Gott samstarf var milli okkar og forráðamanna Skíðaskálans, sem voru þeir

L. H. Müller, Kristján Skagfjörð og Stefán Björnsson.

Tilfinnanlegurskorturvar á geymslurými fyrir hafurtask skíðafólks. Eiginlega var það ekki annað en forstofan. Þess vegna var oft þröngt á þingi.

Á þessum árum voru setuliðsmenn tíðir gestir okkar. Öll voru samskipti við þá snurðulaus. Bretarnir voru illa búnir og virtust hafa svo lítil fjárráð að við gáfum þeim oft í svanginn. Hins vegar voru Ameríkanarnir vel klæddir og áttu nóga peninga.

Auk þeirra gesta, sem komu og fóru, var oftast allmargt dvalargesta hjá okkur á öllum árstímum. Aðallega voru það Íslendingar, bæði einstaklingar og fjölskyldur, sem voru langdvölum. En einnig dvöldu útlendingar stundum hjá okkur. Vegna styrjaldarinnar komst fólk ekki í skemmtiferðir til útlanda. Í stað þeirra leituðu margir tilbreytingar með því að dvelja hjá okkur í lengri eða skemmri tíma. Meðal þeirra voru margir þjóðkunnir menn t.d. Halldór Laxness, sem dvaldi oft hjá okkur.

Fjárhagslega vegnaði okkur Ingibjörgu vel fyrstu árin í Skíðaskálanum. Þó að ég væri að mörgu leyti ánægður með að starfa í skálanum þá var mér ljóst að mjög skorti á að ég byggi yfir þeirri þekkingu sem ég taldi nauðsynlega til þess að geta orðið Ingibjörgu nógu traustur félagi. Þess vegna ákvað ég að fara til útlanda í því skyni að afla mér menntunar.

Ég fór árið 1946 til Bandaríkjanna. Þar dvaldi ég í rúmt ár. Ég fékk að vinna þar á mörgum hótélum. Var þar bæði um að ræða venjuleg hótél í New York og einnig skíðahótél, t.d. í Lake Placid. Þó að ég væri þarna fyrst og fremst til þess að nema fékk ég víða kaup. Ég reyndi að kynnast sem flestum starfsgreinum í veitingamennsku. Þó að störf á mörgum hótélum í eitt ár gætu auðvitað ekki veitt mér alla þá þekkingu, sem ég hefði helst viljað afla mér, þá tel ég að á þessu rúma ári hafi ég lært talsvert. Þess vegna var ég vongóður um að ég væri orðinn færari en áður um að vinna í Skíðaskálanum með Ingibjörgu þegar ég sneri aftur heim til Íslands.

Hálftum mánuði eftir að ég kom heim, í septembermánuði 1947, veiktist ég af lömunarveiki. Ég varð fyrst gersamlega lamaður. En eftir hálfmánaðar

dvöl á Farsóttarhúsinu í Reykjavík kom batinn skyndilega. Ég tel að hann hafi komið á einni nóttu. Á því má eflaust finna einhverjar skýringar. En í mínum huga verður alltaf fullvissa um að mér hafi batnað fyrir milligöngu hug- eða andalækni. Hverju sem það má þakka þá komst ég allt í einu fram úr rúminu, gat staulast á eigin fótum. En heilbrigður hef ég aldrei aftur orðið – og verð eflaust ekki framar. Eftir tveggja mánaða dvöl á sjúkrahúsinu komst ég upp í Skíðaskála og fór strax að reyna að vinna við uppþvotta og annað, sem ég gat gert með veikum burðum. Ég á enn mjög örðugt með að vinna mörg störf, t.d. ekki skrifað og er mjög þróttlítill. Við skoðun lækna kom í ljós að ég er talinn 75% öryrki.

Við Ingibjörg rákum Skíðaskálann í félagi til ársins 1959. Eftir stríðið minnkuðu umsvifin. Hinum föstu dvalargestum fækkaði og með auknum snjómokstri urðu þeir færri sem þurftu að leita til okkar vegna ófærðar að vetrarlagi. Hinsvegar varð stöðug aukning á þeim viðskiptum, sem við fengum vegna veisluhalds, funda og samkvæma.

Við héldum fyrstu fermingarveisluna í Skíðaskálanum sumarið 1941 og allt frá því hafa veislur og samkvæmi verið ríkur þáttur í starfsemi í Skíðaskálanum.

Fyrst kom toglyfta við Skíðaskálann, síðar skíðalyfta. Enn vantar það geymslurými, sem nauðsynlegt er fyrir skíðafólk. Ýmislegt, sem hér verður ekki rakið, veldur því að Skíðaskálinn í Hveradölum er ekki lengur sú miðstöð skíðafélaganna sem hann var fyrstu starfsárum okkar Ingibjargar þar.

Ástæðan til þess að við Ingibjörg afredum að hætta starfsemi okkar í Skíðaskálanum árið 1953 var sú að 8 ára gömul dóttir Ingibjargar þurfti þá að fara í skóla. Við vorum búin að eignast gott húsnæði í bænum og töldum að hyggilegast væri fyrir okkur að flytja til Reykjavíkur þar sem Ingibjörg gæti búið með dóttur sinni.

Allar eignir okkar í Skíðaskálanum seldum við Óla J. Ólasyni, sem tók þar við veitingarekstrinum og annaðist hann allt til þess er við komum aftur til starfa í Skíðaskálanum árið 1967.

Meðan ég var í Ameríku hafði Ingibjörg tekið við veitingarekstri í húsi Verslunarmannafélags Reykjavíkur við Vonarstræti. Áður hafði félagið annast reksturinn. Þar var vond aðstaða til veitingareksturs. Veitingastofur voru á tveim efstu hæðunum. Eldhús var á efstu hæð. Matsala var fyrir félagi í V. R. Um 50

manns gátu setið við borð á efri hæð, 30 á neðri hæð. Auk fastra fæðisgesta var haldið uppi almennum veitingarekstri. María Sveinsdóttir var ráðskona okkar í V. R. Ekki man ég hve margar stúlkur unnu hjá henni.

Við rákum veitingasölu í V. R. í hálf tannuð ár. Reksturinn gekk fremur illa. Við honum tók Eysteinn, sem hafði verið bryti á Laugarvatni. Hann hætti þar fljótlega. Eftir það lagðist veitingarekstur niður í V. R.

Breiðfirðingafélagið hafði um tíma haldið uppi veitingarekstri í Breiðfirðingabúð, aðallega í sambandi við dansleiki og einkasamkvæmi á kvöldin. Um það samdist árið 1948 að við Ingibjörg tækjum við rekstri Breiðfirðingabúðar. Við réðum Jón Árnason veitingaþjón til forstöðu þess sem sneri að dansleikjahaldi og veitingum í því sambandi. Sjálf önnuðumst við um veislur og samkvæmi. Björn R. Einarsson var lengst af hljómsveitarstjóri hjá okkur.

Við rákum Breiðfirðingabúð í fjögur ár. Mig minnr að Kristín Jóhannsdóttir tæki við af okkur. En þó má vera að það hafi verið þau Lóa og Friðsteinn.

Þó að aðstaða væri sémileg til veitingareksturs í Breiðfirðingabúð leiddist mér alltaf að vera þar. Ég hef eiginlega hvergi kunnad almennilega við mig í veitingarekstri nema í Skíðaskálanum. Þar hefur mér alltaf þótt gott að vera.

Golfklúbbur Reykjavíkur byggði Golfskálann í Öskjuhlíð. Þar var veitingastofa þar sem um 30 gestir gátu setið til borðs. Eldhús var lítið og lélegt. Tvö íbúðarherbergi voru í skálanum. Í þessu húsi höfðu ýmsir haldið uppi veitingarekstri.

Við tókum Golfskálann á leigu árið 1956 og rákum hann í 4 ár. Kristín Eggertsdóttir, sem stýrir nú veitingarekstri í Norræna húsinu, var ráðskona hjá okkur. Hún hafði eina aðstoðarstúlkku. Hjá okkur var aldrei almenn veitingasala. Þar var einungis um að ræða veitingasölu fyrir félagi í Golfklúbbi Reykjavíkur. Auk þess var mikið um einkasamkvæmi.

Mér þótti að mörgu leyti gott að vera í Golfskálanum. En húsið var lélegt. Svo var kominn annar Golfskáli og grundvöllur þar með enginn fyrir rekstri. Þess vegna hættum við. Þannig lauk veitingarekstri í Golfskálanum.

Árið 1961 settum við Ingibjörg upp smurbrauðsstofu á Langholtsvegi 126. Þar var búð og innar af henni smurbrauðsstofa. Þaðan seldum við veislumat og smurt brauð. Fjórar stúlkur voru í vinnu hjá okkur. Við

rákum þetta fyrirtæki til ársins 1969. Þó að reksturinn gengi sémilega töldum við rétt að hætta honum m.a. vegna þess að við vorum þá aftur komin upp í Skíðaskála og áttum lítinn tíma aflögu til annarrar umsýslu.

Árið 1960 tókum við að okkur að annast veitingarekstur í Iðnskólanum á Skólavörðuholti. Þar var kaffisala fyrir nemendur og kennara skólans. Þar voru aldrei almennar veitingar. Við hættum þessum rekstri 1966.

Árið 1967 komu forráðamenn Skíðaskálans á fund okkar Ingibjargar og spurðu hvort við vildum taka aftur við rekstri Skíðaskálans. Óli J. Ólason var þá hættur rekstrinum. Honum hafði vegnað misjafnlega. Húsið var þá komið í niðurníðslu. Engar breytingar höfðu verið gerðar þar til bóta aðrar en þær að Óli hafði innréttað veitingastofu í skúr austan aðalhússins. Sú framkvæmd breytti litlu til góðs. Síðar kom til þess að við töldum enga ástæðu til að halda þar uppi veitingum.

Við Ingibjörg vorum sammála um að taka við veitingarekstrinum eftir að búið væri að framkvæma nauðsynlegar lagfæringar á húsnæðinu. En nú var svo komið málum að Skíðafélag Reykjavíkur taldi sig ekki hafa bolmagn til þess að láta lagfæra húsið og eiga það. Þess vegna hófust samningar milli Skíðafélagsins og borgarstjórnar Reykjavíkur um að borgin keypti skálann. Þessar samningaviðræður stóðu í hálf tannuð ár og lauk með samkomulagi. Meðan rætt var um þessi kaup var unnið að viðgerðum og lagfæringum. Árið 1969 gaf heilbrigðiseftirlitið leyfi til þess að þá mætti hefja veitingarekstur. Þá hófum við að nýju starfsemi okkar í Skíðaskálanum.

Við fengum strax mikil og góð viðskipti. Talsvert var af skíðafólki á veturna og miklar gestakomur um helgar. Við byrjuðum fljótlega á að bjóða hádegisverðarborð með köldum réttum um helgar. Það náði brátt miklum vinsældum.

Þrátt fyrir miklar endurbætur voru engar þær lagfæringar gerðar á hefbergjunum niðri sem nauðsynlegar voru til þess að unnt yrði að leigja þau gestum. Sá þáttur gisti- og veitingastarfseminnar féll því niður eftir að við byrjuðum á ný. Starfsfólk varð nú færri en áður, venjulega um 5 stúlkur. Leiga til samkvæma og hátíða félagasamtaka fór vaxandi og er nú orðinn gildur þáttur starfseminnar.

Ingibjörg systir mín veiktist árið 1975. Hún dó árið 1977. Eftir það hef ég verið einn

með reksturinn að öðru leyti en því að Erla, dóttir Ingibjargar, hefur veitt mér aðstoð við innkaup og fleira í Reykjavík.

Reksturinn hefur gengið fremur erfiðlega hjá mér eftir að Ingibjörg dó. Þó hefur hann staðið sémilega í jörnum fjárhagslega. Raunar varð slæm bilun á vatnsleiðslu hjá mér í fyrrasumar. Það olli mér miklu tjóni. Góðviðrið á þessu sumri, sem nú er að líða (1980) hefur ekki verið okkur hagstætt. Gestakomur eru jafnan meiri þegar veður eru vond.

Enn hef ég engan styrk fengið frá Reykjavíkurborg til reksturs Skíðaskálans. En skaðabætur hef ég fengið vegna vatnsskortsins í fyrra. Samningar eru nú lausir, um framtíð mína við veitingarekstur í Skíðaskálanum, og veit ég þess vegna ekki hve lengi ég muni verða þar til forstöðu. En í Skíðaskálanum er nauðsynlegt að halda eftirleidis uppi veitingastarfsemi bæði vegna skíðafólks að vetrarlagi og eigi síður til þess að geta haft þar aðgang að síma og fyrirgreiðslu vegna þeirra sem lenda í bílslysum í grennd við skálann. Ég álit að nauðsynlegt sé að stækka forstofuna til þess að fá geymslu fyrir farangur skíðafólks og ég tel að byggja þurfi upp nýtt hús. Að öðru leyti er aðstaðan til veitingareksturs í Skíðaskálanum nú orðin mjög viðunandi.

Af sjálfum mér er það að segja að mér þykir mest gaman að fá að halda veislur þar sem ekkert er skorið við nögl en áfengisveitingum stillt í hóf. Ég hugsa að ég sé nú orðinn ansi góður að búa til mat. Ég lærði það af systur minni Ingibjörgu og Jónínu Jónsson, matreiðslukonu, sem lengi var hjá okkur. Þær voru báðar snillingar í matargerð.

Ég hef aldrei kvænst. En fósturson tók ég af barnmörgum foreldrum sem unnu hjá okkur Ingibjörgu. Hann er nú kvæntur og vinnur við hjúkrun í Noregi. Ætli ég myndi ekki líka verða hjúkrunarmaður ef ég mætti byrja ævistarfið að nýju. Ég held að það ætti vel við mig. Bestu minningar frá löngum starfsaldri í Skíðaskálanum eru sennilega tengdar þeirri hjálp er við veittum oft þeim sem illa voru á sig komnir að vetrarlagi og leituðu skjóls hjá okkur í skálanum. Þá var gaman að geta orðið að líði. ❀

September 1980